

## STAÐGREIÐSLUFORSENDUR LAUNA FYRIR 2025

RSK hefur nú gefið út nýjar staðgreiðsluforsendur sem taka gildi **1. janúar 2025**. Hér fyrir neðan er yfirlit helstu breytinga og leiðbeiningar um hvernig nýjar forsendur eru settar inn í launakerfi Stólpa.


- Gildir frá: **1.1.2025**
- Persónuafsláttur: **68.691 kr.**
- Skattþrepin þrjú:
  1. skattþrep **31,49%** af tekjum frá **0 kr.**
  2. skattþrep **37,99%** af tekjum frá **472.006 kr.**
  3. skattþrep **46,29%** af tekjum yfir **1.325.127 kr.**

Hægt að nálgast **nánari upplýsingar hjá RSK** um forsendur 2025 og með því að smella [HÉR](#).

### Leiðbeiningar fyrir launakerfi Stólpa:

**Stofna launaárið 2025 og skráið inn breytingar** frá fyrra tímabili:

1. *Launakerfi > Árleg vinnsla > Stýriupplýsingar*
2. Smellið á [**Nýtt tímabil**] – Notandi er þá spurður hvort **afrita eigi stillingar** frá líðandi ári. Svárið **Já**. Nýtt tímabil stofnast þá: Gildir frá **1.1.2025**.
3. **Breyta þeim gildum sem breytast frá síðasta ári** (*gul svæði á mynd*)



Launakerfi

Stýriupplýsingar

Skattar og önnur hlutföll Bókhalda Eyritækið Lykilorð Vefskil Annað

Gildir frá: 1.1.2025

Gildir frá:	1.1.2025	Skattþrep	Skattur (%)	Frá
Persónuafsláttur:	68.691 kr	1. skattþrep	31,49	0 kr
Aldursmörk barna:	16	2. skattþrep	37,99	472.006 kr
Staðgreiðsla barna (%):	6,00%	3. skattþrep	46,29	1.325.128 kr
Frítækjumark barna:	180.000 kr			
Skattfrjáls lífeyrissjóður hámark (%):	4,00%			
Skattfrjáls séreignasjóður hámark (%):	4,00%			
Tryggingagjald (%):	6,35%			
Sérstök trygging sjómanna (%):	0,65%			
Tryggingagjald A1 vottorð (%):	0,425%			
Fjársýsluskattur (%):	5,50%			
Dagar í mánuði:	21,67			

Nýtt tímabil

Einnig minnum við á eftirfarandi:

- a) Leiðbeiningar um **Áramótavinnsla Stólpa** [HÉR](#).  
b) **Framkvæmið ársuppgjör launa 2024** í launakerfinu **þegar búið er að loka síðustu launum á árinu 2024 en áður en fyrstu laun ársins 2025 eru reiknuð.**

*Launakerfi > Árleg vinnsla > Ársuppgjör*

- c) **Endurreikna orlofsstöður**

*Launakerfi > Leiðréttingar > Aðrar leiðréttingar > Endurreikna orlofsstöður*



Þjónustuborð Stólpa veitir alla aðstoð og nánari upplýsinga í síma 512-4400 eða [stolpi@stolpi.is](mailto:stolpi@stolpi.is).